

Á það má fallast með varnaraðilja, að sóknaraðili hafi verið úr hófi svifaseinn að afla og leggja fram skjöl þau, er kærumálið snýst um, samanber vottorð samgönguráðuneytis. Verður að víta þenna drátt umboðsmannsins.

Málskostnaðarákvörðun bíður endanlegs dóms í aðalmálinu.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er sóknaraðilja heimilt að leggja fram í málinu skjöl þau, er í hinum kærða úrskurði greinir.

Mánudaginn 25. október 1982.

Nr. 6/1982.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Eggert Bjarna Arnórssyni

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 2. desember 1981. Er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 25. júní 1982.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að því er ákærða varðar, þó svo, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst þess aðallega, að öll meðferð málsins frá og með 17. október 1978 verði ómerkt og málinu verði vísað heim í hérað til lögmætrar meðferðar. Til vara krefst verjandi sýknu af ákæru samkvæmt 3. og 5. tölulið I. kafla

ákæru, en að ákærði verði að öðru leyti dæmdur í þá vægustu refsingu, er lög leyfa. Þá krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvist hans komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

I.

Mál þetta var í héraði höfðað gegn fjórum mönnum. Undu þrír þeirra héraðsdómi, en ákærði óskaði áfrýjunar, svo sem áður er greint.

II.

Verjandi styður ómerkingarkröfu þeim rökum, að gengið hafi verið á rétt sakbornings, er dómari neitaði honum um að verja sig sjálfur, sbr. 81. gr., 3. mgr., laga nr. 74/1974. Við þingfestingu máls hafi ákærða eigi verið kynnt ákæru-efni nema með almennri birtingu ákæruskjals, eftir því sem ráða megi af bókun í þingbók, og hafi dómari eigi leitað eftir afstöðu hans til einstakra ákæruefna og fengið svör hans við því, hvort sakargögn vörðuðu hann, sbr. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974. Enn sé þess að gæta, að dómari hafi eigi boðað ákærða þinghald, er mál skyldi flytja, og með því, að hann hafi eigi á annan hátt fengið vitneskju um þinghaldið, hafi sér sjálfum verið fyrirumnað að halda uppi vörnum til viðbótar því, sem skipaður verjandi hafi haft fram að færa, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974.

Héraðsdómara var rétt að skipa ákærða verjanda, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974, og verður mati hans í þessu efni eigi hrundið. Eigi verður annað ráðið af gögnum máls en að fullkomin vörn hafi komið fram fyrir ákærða í héraði. Verður ómerkingarkröfu verjanda ákærða eigi sinnt.

III.

Í 5. lið í almennri málavaxtalýsingu héraðsdóms hefur misritast 90.000 krónur í stað 96.000 krónur og í lok 3. töluliðs er nefnd fjárhæðin „kr. 1.200“, en hið rétta er 2.000 kr.

IV.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara með vísan til forsendna dómsins, þó svo, að í 4. tölulið í niðurstöðum dóms-

ins þykir rétt að miða við 25 g í stað 30 g af efni því, er þar getur.

Atferli ákærða er réttilega fært til refsíákvæða í héraðsdómi, en í stað auglýsingar nr. 230/1976 er nú komin auglýsing nr. 293/1978, og þar sem segir í heimfærslu í dómnum „2. tl. 1. mgr. og 5.“, þá á þar að standa 2. tl. 1. mgr. 5. gr.

Ákærði framdi brot sín í samvinnu við aðra menn, svo sem rakið er í héraðsdómi, og verður að telja samkvæmt sakargögnum, að hann hafi í nokkur skipti verið upphafsmaður og skipuleggjandi brotastarfseminnar, sem var talsvert umfangsmikil og tók yfir nokkurt tímabil. Þess er að gæta, að meðal efna þeirra, er brot ákærða lúta að, eru 117 LSD töflur. Ákærði var 21 árs, er brotahrinan hófst. Refsing ákærða ber að ákveða með vísan til 70. gr., 2. mgr., og 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin í héraðsdómi, þó svo, að vararefsing fésektar verði 50 daga fangelsi, en greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem telja verður 10 daga, komi refsivist til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði dómsins um eignarupptöku á 155 g af amfetamínudufti og á 2 bréfavogum svo og um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, 6.000.00 krónur.

Mál þetta var þingfest 17. október 1978. Eftir það eru háð dómþing 12. desember 1978 og 3. maí 1979 og svo 4. september 1980, er ákærða var skipaður verjandi. Munnleg vörn var flutt í dómþingi 25. september 1980 og mál dómtekið, en héraðsdómur gekk 1. október s. á. Eigi eru greindar ástæður fyrir því í héraðsdómi, hvað valdið hafi framangreindum drætti á meðferð málsins, frá því er það var þingfest og uns verjandi var skipaður.

D ó m s o r ð :

Refsiákvörðun héraðsdóms á að vera óröskuð, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa og vararefsing sektar verði 50 daga fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, Eggerts Bjarna Arnórssonar, í 10 daga skal koma refsivist hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel ákvæði 80. gr., 81. gr. og 121. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 ótvíræð um það, að í máli því, sem hér er fjallað um, hafi ákærði átt rétt á því að verja sig sjálfur. Átti ákærði því rétt á að fá í hendur afrit málsskjala eða ljósmyndir þeirra samkvæmt 2. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974. Yfirlýsingu ákærða við þingfestingu málsins hinn 17. október 1978 um, að hann hygðist sjálfur halda uppi vörnum fyrir sig, og kröfu hans um afhendingu málsskjala svaraði dómari með svofelldri bókun: „Ákærða var á það bent, að lög þættu ekki standa til að verða við ofangreindri kröfu og mundi rétturinn innan skamms taka afstöðu til skipunar verjanda honum til handa, ef ákærði ekki bráðlega, að betur athuguðu máli, benti á einhvern starfandi lögmann hér í borginni sem æskilegan verjanda.“

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að dómari hafi eftir þetta haft samband við ákærða fyrr en við birtingu dóms hinn 26. mars 1981.

Ekki verður séð af gögnum málsins, að dómari hafi í framangreindu þinghaldi, er mál var þingfest hinn 17. októ-

ber 1978, eða síðar, kynnt sökunaut efni þeirra gagna, er honum höfðu ekki áður verið kynnt, eða leitað viðurkenningar hans á því, að þau varði hann eða málið, svo sem boðið er í 1. mgr. 121. gr. laga nr. 74/1974.

Ég tel, að ákvæði 3. mgr. 81. gr. laga nr. 74/1974 um heimild fyrir dómara til þess að skipa sökunaut verjanda, þó að hann óski þess ekki eða krefjist þess, að það verði ekki gert, svo sem hér var, eigi fyrst og fremst við, þegar sökunautur ætlar ekki að halda uppi vörnum sjálfur, en líklega einnig, ef mál er þannig vaxið, að dómari telur sökunaut ofviða að halda tryggilega á máli sínu. Ég fæ ekki séð, að efni þessa máls hafi gefið tilefni til slíkrar ákvörðunar. Sökunautur verður a. m. k. ekki sviptur rétti sínum samkvæmt 3. mgr. 81. gr. og 1. mgr. 121. gr. laga um meðferð opinberra mála tii þess að verja sig sjálfur. Hafa ber í huga, að óþörf skipun verjanda gegn vilja sökunauts veldur sökunaut verulegum útgjöldum, ef hann verður sakfelldur, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Með því að synja sökunaut um að verja sig sjálfur og að láta undir höfuð leggjast að gæta að öðru leyti ákvæða 121. gr. laga nr. 74/1974, svo sem að framan greinir, hefur héraðsdómari borið rétt sökunauts svo fyrir borð, að ekki þykir hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð alla frá þingfestingu málsins hinn 17. október 1978 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hestaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómara málsins, og mun ég því með skírskotun til 1. mgr. 53. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í III. og IV. kafla forsendna fyrir dómi meiri hluta dómara málsins, er ég samþykkur niðurstöðu hans.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 1. október 1980.

Ár 1980, miðvikudaginn 1. október, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var af Karli F. Jóhannssyni fulltrúa með undirrituðum vottum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 507/1978: Ákærvaldið gegn Eggert Bjarna Arnórssyni og fleirum.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. september 1980, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 7. júní 1978, á hendur:

1. Eggert Bjarna Arnórssyni, Meistaravöllum 29, Reykjavík, fæddum þar í borg 13. september 1954,
2. Björgólfi Stefánssyni, Háholti 13, Keflavík, fæddum 7. desember 1951 í Reykjavík,
3. Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni, Skálagerði 13, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. desember 1953, og
4. Axel Pétri Juel Einarssyni, Bogahlíð 20, Reykjavík, fæddum 27. október 1947 á Fáskrúðsfirði,

fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf með eftirgreindum hætti:

„I. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson.

1. Um mánaðamót ágúst/september 1976 keypt a. m. k. 148 gr af hassi í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni á 10 kr. danskar hvert gramm og ásamt nefndum Björgólfi komið efninu, sem þeir áttu að jöfnu, fyrir í tveimur leðurbeltum, sem þeir höfðu látið útbúa til flutnings á fíkniefnum. Hinn 3. september s. á. flutt efnid þannig falið til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi verulegan hluta efnisins ótilgreindum aðilum með aðstoð Agnars Agnarssonar og við brottför sína af landinu 4. september skilið um 40 gr af efninu eftir í vörslum nefnds Agnars.

2. Hinn 6. september 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt 220—240 gr af hassi, sem þeir áttu að jöfnu, á 10 kr. danskar hvert gramm, aðstoðað nefndan Björgólf við undirbúning á flutningi efnisins, sem Björgólfur flutti síðan hingað til lands 7. september og seldi héraendis.

3. Um miðjan september í Kaupmannahöfn í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson falast eftir kaupum á ótilgreindu magni af amfetamíndufti hjá ætluðum fíkniefnasala og í því sambandi afhent honum 400 gyllini, en kaup þessi tókust ekki vegna vanefnda þessa ætlaða sölumanns. Amfetamínefnið hugð-

ust ákærði og nefndur Björgólfur flytja hingað til lands og selja síðan hérlendis í ágóðaskyni.

4. Skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt 30 gr af hassi fyrir um 600 kr. danskar og 20 LSD töflur á 20 kr. danskar hverja töflu og daginn eftir þetta keypt 97 LSD töflur á 15 kr. danskar hverja töflu, en efnið töldust ákærði og nefndur Björgólfur eiga að jöfnu. Meginhluta þessara efna afhentu ákærði og nefndur Björgólfur meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni, sem gegn því að teljast eiga efnin að 1/3 hluta flutti 25. september 1976 um 25 gr af hassefnum og 97 LSD töflur til Reykjavíkur, þar sem ákærði tók við efnunum í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðins-torg. Ákærði seldi síðan meginhluta efnanna mörgum mönnum í Reykjavík, oftast að Njálsgötu 48, hvert gramm af hassinu og hverja töflu LSD á kr. 2.000, en nokkurs hluta þessara efna neytti ákærði sjálfur ásamt nokkrum kunningjum sínum. Skömmu eftir móttöku efnanna afhenti ákærði nefndum Ágúst Guðlaugi söluandvirði þeirra, allt að kr. 260.000, að Þórsstötu 5 í Reykjavík, og hélt Ágúst Guðlaugur utan með féð 30. sept. 1976 til frekari fíkniefnakaupa.

5. Um mánaðamót september/október 1976 selt ýmsum ótilgreindum mönnum í Reykjavík samtals um 2 gr af amfetamínudufti (speed) fyrir Hinrik Þórisson fyrir samtals um kr. 40.000 og þar af skilað honum um kr. 25.000, en haldið afganginum sjálfur.

6. Um miðjan október 1976 móttekið samtals um 70 gr af amfetamínudufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð 20 í Reykjavík og nokkru eftir þetta móttekið 15—22 gr af efninu af meðákærða Axel Pétri Juel Fínarssyni. Hinn 24. október afhent Helga Aðalsteinssyni 30 gr af efninu að Njálsgötu 48 í Reykjavík, og greiddi nefndur Helgi 300 bandaríkjadali við móttöku efnisins, sem hann hugðist selja fyrir ákærða á Keflavíkurflugvelli og greiða ákærða síðan 60 dali fyrir hvert gramm. Meginhluta þess, sem þá var eftir, seldi ákærði ýmist sjálfur eða með aðstoð annarra nokkrum mönnum í Reykjavík, oftast á um kr. 15.000 eða 60 dali hvert gramm, og hafði ákærði þannig verulegan hagnað af dreifingu afnisins, en hluta þess fjár, um 1.250 dali, afhenti ákærði meðákærða Ágúst Guðlaugi, sem hélt utan 30. október til enn frekari fíkniefnakaupa.

7. A. Hinn 8. nóvember 1976 móttekið rúm 100 gr af amfetamínudufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð

20 í Reykjavík, en efnismagn þetta taldist ákærði eiga að jöfnu með meðákærða Björgólfi Stefánssyni, og falið efnið með aðstoð Agnars Agnarssonar utan Vatnsveituvegar í námunda við Elliða-ár í Reykjavík, þar sem lögreglan lagði síðan hald á það 18. nóvember.

B. Laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson tekið við rúmum 50 gr af amfetamínudufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni við Hafnarbíó í Reykjavík og flutt efnið að heimili sínu, þar sem ákærði sunnudaginn 21. nóvember afhenti nefndum Björgólfi 1 gr af efninu og seldi Theodór Guðjóni Jónssyni 5 gr fyrir 300 bandaríkjadali, en lögreglan lagði hald á eftirstöðvar efnisins 22. nóvember.

8. Í apríl 1977 keypt 15 gr af hassi í Danmörku, flutt efnið til Akureyrar með m/s Helgafelli og síðan póstsent það til Alfreðs Hilmarssonar í Reykjavík, þar sem ákærði svo stuttu síðar neytti um helming efnisins ásamt nefndum Alfreð og fleirum.

II. Ákærði Björgólfur Stefánsson.

1. Um mánaðamót ágúst/september 1976 í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt a. m. k. 148 gr og allt að 200 gr af hassi í Kaupmannahöfn og síðan aðstoðað nefndan Eggert Bjarna við að undirbúa flutning efnisins hingað til lands, sbr. I, 1 hér að framan.

2. Hinn 6. september 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt um 220—240 gr af hassi, sbr. I, 2 hér að framan, og 7. september flutt efnið með sér í seðlaveski nefnds Eggerts Bjarna til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi efnið að Njálsgötu 48 ýmsum ungmennum, sem um þessar mundir lögðu leið sína þangað, m. a. Agnari Agnarssyni, en fyrir efnið fékk ákærði samtals kr. 125.000 og 500 bandaríkjadali, sem hann stuttu seinna hafði með sér utan til frekari fíkniefnakaupa.

3. Um miðjan september 1976 í félagi við meðákærða Eggert Bjarna Arnórsson reynt að fá keypt amfetamínuduft í Kaupmannahöfn af manni, sem þeir töldu vera fíkniefnasala, og í þessu sambandi afhent honum 400 gyllini, sbr. I, 3 hér að framan.

4. Skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt 25 eða 30 gr af hassi og samtals 117 LSD töflur. Fengið meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson til að flytja efnin til Íslands og síðan um mánaðamót septem-

ber/október 1976 aðstoðað nefndan Ágúst Guðlaug við að skipta íslenskum peningum í erlendan gjaldeyri í nokkrum bönkum í Kaupmannahöfn, en nefndur Ágúst Guðlaugur var þá á leið til Amsterdam til að kaupa amfetamínefni fyrir söluandvirði ofangreindra fíkniefna, sbr. I, 4 hér að framan.

5. Laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 ásamt meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni tekið við rúmum 50 gr af amfetamínudufti af meðákærða Ágúst Guðmundssyni í Reykjavík og daginn eftir gefið kunningja sínum 1 gr af efninu, en efni þetta var hluti þeirra 200 gr, sem nefndur Ágúst Guðlaugur flutti hingað til lands 5. nóvember og ákærði átti að 1/4 hluta, sbr. I, 7 hér að framan.

III. Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson.

1. Hinn 25. september 1976 flutt með sér hingað til lands frá Kaupmannahöfn um 25 gr af hassi falið í tannkremstúpu og 97 LSD töflur faldar í sjálfblekungi, afhent meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni efni þessi í Reykjavík og skömmu síðar tekið við söluandvirði efnanna af nefndum Eggert Bjarna, allt að kr. 260.000, og 30. september haldið utan til fíkniefnakaupa með féð, sem ákærði taldist eiga að 1/3 hluta á móti meðákærðu Eggert Bjarna og Björgólfi, sbr. liði I, 4 og II, 4 hér að framan.

2. Í byrjun október 1976 í Amsterdam keypt 160 gr af amfetamínudufti á 12.50 gyllini hvert gramm, flutt efnið með sér hingað til lands 7. október og í samvinnu við meðákærða Axel Pétur Juel Einarsson dreift hluta efnisins til ýmissa manna í Reykjavík, sumpart gegn gjaldi, þ. á m. afhent Lárusi Halldóri Grímsyni 40 gr í því skyni, að hann seldi efnið fyrir ákærðu, en nefndur Lárus Halldór afhenti ákærða og nefndum Axel Pétri Juel um 30 gr af efninu til baka. Um miðjan október fékk meðákærði Eggert Bjarni Arnórsson um 20 gr þar af í sinn hlut auk 70 gramma, sem ákærði afhenti nefndum Eggert Bjarna að Bogahlíð 20 í Reykjavík, sbr. I, 6 hér að framan. Jafnframt þessu neytti ákærði talsverðs hluta efnisins sjálfur ásamt nefndum Axel Pétri Juel og fleiri aðilum, sem þeir veittu með sér af því, en ákærði hélt svo utan 30. október með söluandvirðið, sem taldist eign allra ákærðu, til frekari fíkniefnakaupa.

3. Í byrjun nóvember 1976 í Amsterdam keypt 200 gr af amfetamínudufti á 12.50 gyllini hvert gramm, og töldust allir ákærðu eiga efnið með jöfnu, flutt efnið 5. nóvember með sér til Reykjavíkur og þar afhent meðákærða Eggert Bjarna Arnórsson

syni um 100 gr af efninu 8. nóvember að Bogahlíð 20 og síðan í samvinnu við meðákærða Axel Pétur Juel Einarsson selt 30 eða 40 gr af efninu á kr. 10.000 hvert gramm, en 10 eða 20 gr höfðu ákærði og nefndur Axel Pétur Juel til eigin nota. Hinn 20. nóvember afhenti ákærði síðan meðákærðu Eggert Bjarna og Björgólfi um 50 gr af efninu við Hafnarbíó í Reykjavík, sbr. liði I, 7 og II, 5 hér að framan.

IV. Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson.

1. Í október 1976 í Reykjavík séð um dreifingu á verulegum hluta þess amfetamínefnis, sem um ræðir í II, 2 hér að framan, í samvinnu við meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson, m. a. selt Helga Sveinbjörnssyni 10 gr af efninu um 20. október að Bogahlíð 20 fyrir um 450 bandaríkjadali og afhent Lárusi Halldóri Grímssyni 40 gr. Skömmu síðar tekið við rúmum 20 gr af efninu til baka frá nefndum Lárusi Halldóri og afhent meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni þann efnisskammt að mestu leyti, sbr. I, 6 hér að framan, og jafnframt um þessar mundir margsinnis neytt af efninu ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi og fleiri mönnum.

2. Í nóvember 1976 í Reykjavík í samvinnu við meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson selt m. a. Ásgeiri Heiðari Ásgeirsyni og Helga Sveinbjörnssyni samtals 30—40 gr af því amfetamínefni, sem um ræðir í II, 3 hér að framan, á kr. 10.000 hvert gramm og um þetta leyti neytt sjálfur um 10—20 gr af þessu efni ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi og fleirum.“

Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 230/1976, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. og 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að því er varðar brot ákærða Eggerts Bjarna og Björgólfs, sem rakið er í liðum I, 3 og II, 3.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar svo og verði ákærði Eggert Bjarni dæmdur samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 til að sæta upptöku á um 155 gr af amfetamíndufti og 2 bréfavogum, sem notaðar höfðu verið til að veða fíkniefni og lögreglan lagði hald á 8. nóvember 1976, og ákærði Ágúst Guðlaugur sæti upptöku á rúmum

6 gr af amfetamíndufti, sem lögreglan lagði hald á 23. nóvember 1976.“

Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson mun vera búsettur í Bandaríkjunum, og hefur ekki tekist að birta honum ákæru. Sökum þess hve langt er um liðið síðan ákæra var út gefin, eða rúm 2 ár, þykir nauðsyn, til að ekki verði frekari tafir en orðið er í máli þessu, að mál þetta verði dómtekið hvað snertir ákærðu Eggert Bjarna Arnórsson, Björgólf Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson, en þáttur ákærða Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar verði látinn bíða enn um sinn.

MÁLAVEXTIR.

1. Í nóvember/desember 1976 var samhliða til rannsóknar hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík meint fíkniefnamisferli nokkurra aðilja, og komu ofangreindir 4 ákærðu þar við sögu, en einn þeirra, Eggert Bjarni Arnórsson, sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa frá 10. nóvember 1976 til 19. nóvember s. á.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson neitaði í fyrstu allri fíkniefnameðhöndlun, en eftir breytilega framburði fyrir dómi skýrði ákærði Eggert Bjarni hinn 18. nóvember 1976, að hann hefði ásamt vini sínum, ákærða Björgólfi Stefánssyni, haldið til Kaupmannahafnar hinn 17. ágúst 1976 og haldið þaðan rakiðis til Amsterdam í því skyni að kaupa svonefnt „speed-efni“ fyrir þau 1.200 hollensk gyllini, er þeir félagar hefðu átt að jöfnu.

Ákærði Eggert Bjarni kvað þá hins vegar hafa haldið aftur til Kaupmannahafnar eftir fárra daga dvöl í Amsterdam, án þess þó þeir hefðu keypt þar fíkniefni. Í Kaupmannahöfn sagði framangreindur Eggert Bjarni þá hins vegar hafa keypt hass af Líbanongerð, nánar mjúkt efni og sterkt. Ákærði Eggert kvað framangreind kaup hafa farið fram á nokkurs konar markaðstorgi slíkra efna í Kristjáníu, en ákærði Eggert Bjarni sagði þá hafa keypt 160 gr af hassi þessu og hefði einingarverð verið 10 kr. danskar hvert gramm.

Framangreindur Eggert Bjarni kvað þá Björgólf Stefánsson hafa fyrir brottför frá Íslandi samið við leðurgerðarmann í Reykjavík að sérsauma 2 belti, nánar svo, að milli laga þeirra væri plastpoki allan hringinn og ætlaður til að leyna amfetamíndufti. Eftir framangreind hasskaup sagði ákærði Eggert Bjarni, að þeir Björgólfur hefðu ákveðið að fela hassið í beltum þessum.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sagðist síðan hafa haldið

flugleiðis til Reykjavíkur, girtur öðru ofangreindra belta, en hitt beltið geymt í farangrinum. Kvaðst ákærði hafa komið hingað til lands föstudaginn 3. september 1976. Þennan sama dag kvaðst ákærði m. a. hafa farið í hús í Hlíðunum í Reykjavík ásamt Agnari Agnarssyni og þar hefðu þeir að viðstöddum þriðja aðilja vigtað heildarmagn nákvæmlega, en það hefði reynst vera 148 gr. Sagði framangreindur Eggert Bjarni, að Agnar Agnarsson hefði tekið með sér um 30 gr og fljótlega selt.

Á laugardag kvaðst ákærði Eggert hafa haldið flugleiðis aftur til Kaupmannahafnar, en afganginn af hassefnum, 40 gr, sagði ákærði, að hefði verið eftir í vörslu framangreinds Agnars Agnarssonar. Ákærði Eggert Bjarni sagðist hafa haft með sér utan 250—260 US\$, og 65.000 ísl. kr. Ákærði Eggert Bjarni kvaðst hafa fengið 230 af framangreindum dollurum að láni frá kunningja sínum, en einnig sagðist ákærði Eggert hafa selt bandarískum sjómanni smáræði af hassi á 8 US\$ hvert gramm. Ofangreindar 65.000 kr. kvað ákærði Eggert Bjarni vera söluandvirði hassefna.

Í réttarhaldi 26. nóvember 1976 skýrði ákærði Björgólfur Stefánsson frá því, að hann hefði farið ásamt ákærða Eggert Bjarna Arnórssyni til Kaupmannahafnar nærri miðjum ágúst 1976 og síðar til Amsterdam til fíkniefnakaupa, sem þó hefði ekki orðið af.

Þá kvaðst ákærði Björgólfur hafa vitað um hasskaup ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar, enda lagt fram til þeirra fé að jöfnu við Eggert þennan. Enn fremur sagði ákærði Björgólfur, að framangreindur Eggert Bjarni hefði farið með hassefni þessi til Íslands, en komið 2 dögum síðar aftur til Kaupmannahafnar og þá með söluandvirði efna, sem þeir Eggert Bjarni Arnórsson töldust eiga að jöfnu.

Agnar Agnarsson, fæddur 10. september 1951, hefur viðurkennt hjá lögreglu hinn 18. nóvember 1976 að hafa fengið hjá Eggert Bjarna Arnórssyni allt að þriðjungi þeirra hassefna, er framangreindur Eggert hefði komið með hingað til lands í ágúst/ september 1976, sem Agnar þessi taldi, að hefðu verið 140—150 gr. Framangreindur Agnar sagðist hafa greitt kr. 1.500 fyrir hvert gr af efni þessu. Kvaðst Agnar Agnarsson hafa greitt Eggert Arnórssyni stundum við móttöku efnis, en einnig stundum síðar. Sem dæmi um greiðslu gat framangreindur Agnar þess, að hann hefði í eitt skipti selt víxil og í framhaldi af því látið Eggert Bjarna fá kr. 40.000.

2. Í réttarhaldi hinn 18. nóvember 1976 hélt ákærði Eggert Bjarni Arnórsson áfram frásögn þeirri, er um getur í kap. 1 hér að framan. Kvaðst ákærði Eggert Bjarni hafa á sunnudegi hitt ákærða Björgólf Stefánsson í Kaupmannahöfn, og á mánudegi sagði ákærði Eggert Bjarni þá Björgólf hafa skipt því fé, er ákærði Eggert hefði haft með sér frá Íslandi og um getur í kap. 1 hér á undan, nánar 250—260.000 (sic) US\$ og kr. 65.000, í 800 hollensk gyllini. Ákærði Eggert kvað ætlunina hafa verið, að Björgólfur Stefánsson færi til Amsterdam og keypti þar amfetamínduft, en ákærði Eggert sagði framangreindan Björgólf hafa gagnað á að fara. Hefðu þeir því ákveðið að kaupa nefnt amfetamínduft í Kaupmannahöfn og náð sambandi við slíkan sölumann. Ákærði Eggert sagði sölumann þennan hafa í tryggingarskyni fengið 400 hollensk gyllini, en svikið þá og horfið með féð.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sagði þá hafa keypt um 240 gr af hassi í Kristjáníu, 160 gr af grænum Marokkó og um 80 gr af brúnum Marokkó og hefði kaupverð verið 10 kr. danskar hvert gramm.

Ákærði Eggert Bjarni kvað síðan Björgólf Stefánsson hafa haldið flugleiðis til Íslands með efni þessi.

Ákærði Björgólfur Stefánsson skýrði frá ofangreindum viðskiptum hans og Eggerts Bjarna Arnórssonar á þá leið fyrir rétti hinn 26. nóvember 1976, að fyrir söluandvirði hassefna, er um getur í kap. 1 hér að framan, hefði framangreindur Eggert keypt um 220 gr af hassefnum í Kaupmannahöfn. Kvaðst ákærði Björgólfur hafa flutt framangreind efni hingað til lands og dreift til fólks að Njálsgötu 48, Reykjavík. Sagðist ákærði Björgólfur hafa fengið kr. 125.000 og rúma 500 US\$ að auki.

3. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson gat þess fyrir rétti hinn 18. nóv. 1976, að nefndur Björgólfur Stefánsson hefði dvalist um vikutíma á Íslandi, en haldið aftur til Kaupmannahafnar og hefði Björgólfur haft með, auk gjaldeyris, frímerki. Frímerki þessi kvaðst ákærði Eggert Bjarni hafa selt í Hamborg fyrir 180 DM, en ákærði Eggert Bjarni sagði nefndan Björgólf Stefánsson hafa áður reynt að selja frímerki þessi í Þýskalandi, nefndur Björgólfur hefði hins vegar horfið frá því sökum lágs verðs.

Enn á ný mætti ákærði Eggert Bjarni til yfirheyrslu hinn 19. nóv. 1976, og skýrði ákærði Eggert Bjarni frá því, að þeir Björgólfur hefðu á umræddu tímabili í september 1976 keypt í Kristjáníu 30 gr af svörtu, mjúku og feikisterku hassefni á 18—20 kr. danskar hvert gr, eða nærri 600 d. st. Einnig sagði ákærði

Eggert Bjarni þá hafa keypt þennan sama dag 20 örsmáar svartar LSD töflur og enn næsta dag keypt 97 slíkar töflur, nánar nefndar „black mikró“. Ákærði Eggert Bjarni kvað verð taflna í fyrra tilvikinu hafa verið 20 kr. danskar pr. töflu, en í hinu síðara 15 kr. danskar hver tafla. Kvað ákærði Eggert Bjarni svo um hafa verið samið, að þeir Björgólfur ættu efni þessi að jöfnu.

Ákærði Eggert Bjarni sagði svo hefði einnig samist með honum og famangreindum Björgólfi, að Ágúst Guðlaugur Guðmundsson, ákærði í máli þessu, tæki að sér flutning efna fyrir þá Björgólf gegn 1/3 söluhagnaðar, sem yrði varið til kaupa á amfetamíni, og átti framangreindur Ágúst að flytja efni það hingað til lands gegn sama hlut og áður, eða 1/3.

Ákærði Eggert Bjarni sagðist þó áður hafa ætlað sjálfur að flytja efni hingað til lands, falið í skóm og sjálfblekungi, en misst af flugvél. Ákærði sagði, að við þessar tilfæringar hefðu 15 LSD töflur af þeim 20, er hefðu verið faldar í skóm, eyðilagst. Ákærði Eggert Bjarni kvaðst hafa skilað efnunum að öðru leyti í hendur framangreinds Ágústs, er hefði lokað að flytja þau til Íslands.

Ofangreindur Eggert Bjarni kvaðst hafa haldið heim á leið til Íslands hinn 16. september 1976 og án fíkniefna. Sagðist ákærði Eggert Bjarni hafa beðið í 7—10 daga, en þá hefði áður nefndur Ágúst Guðlaugur Guðmundsson haft símasamband við sig og í framhaldi þar af hefði Ágúst þessi afhent ofangreint svart hassefni, nánar um 25 gr, en ákærði Eggert Bjarni kvað Ágúst þennan hafa sagst hafa notað eitthvað af hassefnum þessum sjálfur. Þá sagði framangreindur Eggert Bjarni, að Ágúst þessi hefði afhent 97 LSD töflur, en jafnframt sagt, að hann hefði fleygt hinum 15 á flugvelli í Kaupmannahöfn af ótta við leit.

Af ofangreindum hassefnum kvaðst ákærði Eggert Bjarni hafa selt Hermanni Ólasyni 12 gr á st. kr. 12.000 og einnig nokkrar LSD töflur. Þá hefði Ólafur Bragi Bragason keypt lítillræði af hassi og 8—10 LSD töflur. Einnig hefði Hinrik Jón Þórisson keypt nokkrar LSD töflur og 2 gr af hassi. Enn fremur sagðist ofangreindur Eggert hafa selt eftirtöldum aðiljum LSD töflur: Þorbirni Finnbogasyni 10—12 stk., Agnari Agnarssyni 4—6 stk., Alfreð Hilmarssyni 2 stk., en einnig hefði Ómar Ólsen keypt nokkrar töflur. Ákærði Eggert hafði áður í réttarhaldi hinn 15. nóv. 1976 talað um, að söluverð taflna af LSD væri kr. 2.000.

Ákærði Björgólfur Stefánsson staðfesti fyrir rétti hinn 26. nóvember 1976 ofangreinda frásögn ákærða Eggerts Bjarna, að

Björgólfur hefði haldið utan í september 1976 með kr. 125.000 og 500 US\$, söluandvirði efna, er um getur í kap. 2 hér á undan, en einnig kvaðst framangreindur Björgólfur hafa haft með sér andvirði kr. 50.000 í frímerkjum. Kvaðst ákærði Björgólfur Stefánsson hafa fyrst farið til Hamborgar með viðkomu í Luxemborg og Frankfurt og ætlað að selja frímerki þar. Síðan kvað ákærði Björgólfur Stefánsson ætlunina hafa verið þá, að hann færi til Amsterdam til fíkniefnakaupa.

Ákærði Björgólfur Stefánsson kvaðst hins vegar hafa hætt við að selja frímerki vegna lágs verðs og einnig við fyrirhugaða Amsterdamför, en haldið á hinn bóginn til Kaupmannahafnar til fundar við ákærða Eggert Bjarna Arnórsson. Þá gat framangreindur Björgólfur þess enn fremur, að framangreindur Eggert hefði gert aðra, en árangurslausa, tilraun til að selja framangreind frímerki í Þýskalandi.

Hins vegar sagði ákærði Björgólfur Stefánsson þá hafa keypt í Kaupmannahöfn 25 gr af hassefnum og 120 LSD töflur. Kvað framangreindur Björgólfur þá enn fremur hafa gert samkomulag við Ágúst Guðmundsson, að hann annaðist flutning efna þessara hingað til lands og einnig, að Ágúst þessi annaðist flutning efna hingað til lands síðar meir gegn þriðjungi hagnaðarhlutar. Kvað ákærði Björgólfur Stefánsson framangreindan Ágúst hafa flutt hingað til lands 25 gr af hassi og um 100 LSD töflur.

Ágúst Guðlaugur Guðmundsson, ákærði í máli þessu, kom fyrir rétt hinn 22. nóvember 1976, og þar skýrði hann frá því, að í september þá um haustið hefði hann hitt í Kaupmannahöfn tvo áðurnefnda pílta, þá Eggert Bjarna Arnórsson og Björgólf Stefánsson, en á þessum tíma sagðist Ágúst þessi hafa verið í fjárhagsörðugleikum. Kvað framangreindur Ágúst svo hafa samist með honum og áðurnefndum Eggert og Björgólfi, að hann tæki að sér að flytja fíkniefni hingað til lands fyrir ofangreinda aðilja.

Framangreindur Ágúst kvaðst síðan hafa flutt hingað til lands hinn 25. september 1976 25 gr af svörtu hassi og 90—100 LSD töflur, sem geymdar hefðu verið í merkipenna. Ágúst þessi sagði ofangreint hass hafa verið meira að efni til, er hann hefði tekið á móti því, en það hefði rýrnað um 5—6 gr af tveimur ástæðum: 1) vegna notkunar vina hans og kunningja í Kaupmannahöfn, 2) efni hefðu virst innihalda olíu eða rokgjarnan vökva og af þeim sökum rýrnað.

Ofangreindur Ágúst sagðist, þegar eftir komu hingað til lands, símleiðis hafa tilkynnt margnefndum Eggert Bjarna Arnórssyni komu sína, enda vitað, að Eggert þessi hélt flugleiðis til Íslands skömmu áður. Í framhaldi af þessu sagðist framangreindur Ágúst hafa afhent Eggert Bjarna Arnórssyni 25 gr af hassefnum og 90—100 LSD töflur.

Ágúst Guðlaugur Guðmundsson skýrði síðan frá því, að tveimur dögum síðar hefði ofangreindur Eggert Bjarni afhent sér st. kr. 180.000 ísl., að hluta banka- eða vixlalan, en einnig að hluta söluandvirði áðurgreindra efna. Hefði af því tilefni orðið að samkomulagi, að Ágúst færi til Amsterdam til fíkniefnakaupa, og að því er Ágúst þessi kvaðst telja fyrir nefnda Eggert B. Arnórsson og Björgólf Stefánsson.

Ágúst þessi kvað ekki hafa verið fastmælum bundið, hvað teygindir eða magn snerti, heldur hefði það verið lagt á vald Ágústs að ná sem hagstæðustum viðskiptum í Amsterdam, en Ágúst G. Guðmundsson sagðist hafa verið með í sínum fórum símanúmer, sem hefði átt að greiða fyrir þeim viðskiptum. Framangreindur Ágúst sagðist hafa keypt flugfarmiða leiðina Keflavík — Luxemborg — Amsterdam — Keflavík og hefði áður nefndur Eggert B. Arnórsson að hluta greitt farmiða.

Eftirtaldir aðiljar hafa viðurkennt að hafa keypt af Eggert Bjarna Arnórssyni fíkniefni:

Theodór Guðjón Jónsson, fæddur 22. október 1953, 5 gr af amfetamíni í nóv. 1976.

Hermann Ólason, fæddur 30. janúar 1946, 12 gr af hassi (svörtu) og 7 LSD stk. (mikrósyra).

Þorbjörn Finnbogason, fæddur 1. ágúst 1952, 12 stk. LSD á kr. 1.200 hvert stk.

Ólafur Bragi Bragason, fæddur 4. september 1957, 10—20 stk. LSD fyrir kr. 2.000 stk.

4. Þá skýrði ákærði Eggert Bjarni Arnórsson frá því fyrir rétti hinn 17. nóvember 1976, að þá fyrr um haustið hefði hann hitt pilt að nafni Hinrik Jón Þórisson, er hefði vanið komur sínar að Njálsgötu 48. Ákærði Eggert Bjarni sagði Hinrik þannan hafa kvartað yfir því að geta ekki selt svonefnt speed í duftformi og beðið ákærða Eggert að aðstoða hann við það gegn þóknun. Nánar hefði Hinrik þessi sagt, að duft þetta væri í raun muldar pillur, fengnar hjá lækni, og sagði framangreindur Eggert, að Hinrik hefði sýnt sér slíkar pillur og nefnt einhverju lyfjaheiti.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sagði Hinrik þennan hafa pakkað dufti í smærri einingar, en ákærði, sem tók að sér að selja efni þetta, kvaðst hafa selt um 2 gr fyrir kr. 35—40.000. Af þessu fé sagðist framangreindur Eggert hafa afhent Hinrik Þór Jónssyni kr. 25.000, en haldið u. þ. b. handa sjálfum sér kr. 10—15.000. Sagðist ákærði Eggert ekki geta nafngreint kaupendur utan Alfreð Hilmarsson, er hefði reynt duft þetta og sagt ónýta vöru.

Ekki liggur fyrir framburður Hinriks Þórs Jónssonar um þetta atriði.

5. Í ofangreindu réttarhaldi hinn 19. nóvember 1976 hélt ákærði Eggert Bjarni Arnórsson áfram frásögn sinni og kvaðst tveimur vikum eftir utanför Ágúst Guðmundssonar, sem um getur í kap. 3 hér að framan, hafa hitt Ágúst þennan að Bogahlíð 20, Reykjavík, hjá Axel Einarssyni, ákærða í máli þessu, er þar leigði ásamt fleirum. Kvaðst framangreindur Eggert hafa hitt Ágúst þennan eftir nokkra leit að honum, þar eð hann hefði frétt frá nafngreindum aðiljum, að komið hefði amfetamín-duft á markaðinn, og sagðist ákærða Eggert hafa þá grunað (sic), að efni það kynni að vera frá Ágúst Guðmundssyni ættað.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson kvað Ágúst Guðlaug Guðmundsson hafa sagt, að hann hefði komið til landsins 11 dögum áður og með 160 gr af „speed“ efnunum. Að sögn ákærða Eggerts hefði framangreindur Ágúst enn fremur útskýrt, að honum hefði ekki tekist að ná sambandi við ákærða Eggert, en verið mjög fjárþurfi og þá beðið ofangreindan Axel Einarsson að sjá um dreifingu efnis að hluta. Kvað ákærði Eggert Ágúst þennan einnig hafa sagt, að ekki væru nema 40 gr í hans fórum, og sagði ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, að framangreindur Ágúst hefði afhent sér framangreind 40 gr. Kvaðst ákærði Eggert hafa unað þessu illa og viljað fá meira og hefði ofangreindur Ágúst þá sagt, að sennilega væri Axel Einarsson með nokkurt magn.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson kvaðst enn hafa heimsótt framangreindan Ágúst í Bogahlíð og hjá honum fengið 29½—30 gr til viðbótar. Sagðist ofangreindur Eggert ekki hafa selt af efni þessu og afhent efni þetta Axel Einarssyni að hans ósk, en ákærði Eggert kvað Axel þennan hafa selt nokkrum nafngreindum aðiljum efni þetta. Kvað ákærði Eggert Axel þennan hafa selt efni þetta allt niður í 8.000 kr. pr. gramm, og sagðist ákærði Eggert hafa orðið reiður vegna hins lága söluverðs, en einnig hefðu greiðslur verið stopular. Sagðist framangreindur

Eggert því hafa heimtað, að Axel Einarsson gerði betri skil eða sýndi afgang efna.

Sagði ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, að framangreindur Axel Einarsson hefði þá sýnt sér um 17½ gr af margdrýgðu og nánast ónýtu dufti. Kvaðst margnefndur Eggert, ákærði í máli þessu, hafa tekið við 15 gr og síðar afhent tveimur aðiljum sem hér segir: Kristjáni Jóni Jóhannssyni 11 gr og Agnari Agnarssyni 4 gr. Hefði framangreindur Kristján greitt kr. 28.000, sem væri söluandvirði 2 gr, en aðiljar þessir hefðu að öðru leyti ekki ennþá greitt fyrir efni þessi. Þá sagðist ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafa afhent Helga Aðalsteinssyni 30 gr af ofangreindu efni, en aðeins fengið greitt andvirði 5 gr, eða 300 US\$.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson skýrði enn fremur frá því, að þeim Ágúst Guðmundssyni hefði samist svo vegna margs konar rýrnunar, affalla og greiðslusvika kaupenda að reikna einungis til skipta söluandvirði 100 gr, en afskrifa annað. Sagðist ofangreindur Eggert, ákærði í máli þessu, hafa mótttekið kr. 95.000 og síðar kr. 140.000 hjá framangreindum Ágúst auk 480 US\$, en einnig kvaðst ákærði Eggert hafa fengið kr. 80.000 + 450 US\$ frá Axel Einarssyni.

Eggert Bjarni Arnórsson, ákærði í máli þessu, kvaðst ekki vita um hagnaðarhlut Ágústs Guðmundssonar, en telja, að Björgólfur Stefánsson hefði verið með öllu svikinn um sinn hlut. Sjálfur sagðist ákærði Eggert telja sig hafa verið hlunnfarinn í skiptum þessum og hefði loks orðið til málamiðlunar milli hans og þeirra Axels Einarssonar og Ágústs Guðmundssonar, að sá síðastnefndi færi enn eina ferð til kaupa á amfetamíni, sem mundi skiptast í 4 jafna hluta milli þeirra Eggerts, Ágústs, Axels og Björgólfs.

Til ofangreindrar farar kveðst ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafa lagt 1.250 US\$, en einnig hefði hann greitt farmiða Ágústs Guðmundssonar, kr. 100.000. Ákærði Eggert kvaðst ekki vita til, að nefndir Axel og Ágúst hefðu lagt fé til farar, en Axel Einarsson hefði átt að fá fjórðung hlutar vegna ofangreindrar dreifingar á efnunum og gegn loforði um verulegan hluta af væntanlegri dreifingu.

Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson skýrði frá því fyrir rétti hinn 22. nóvember 1976, að hann hefði haldið áleiðis til Amsterdam hinn 4. okt. s. á. með viðdvöl í Kaupmannahöfn, þar sem hann hefði skipt kr. 90.000 ísl. og bandarískum dollurum. Í Amsterdam kvaðst ákærði hafa náð sambandi við hollenskan

vin sinn, sem hann þó vildi ekki nafngreina. Hefði þessi Hollendingur að sögn ákærða ráðlagt sér að kaupa svonefnt „Bensedrine“ í duftformi og þannig best varið þeim 800 US\$, er ákærði Ágúst hafði til fíkniefnakaupa.

Kvað ákærði Ágúst þennan hollenska vin sinn hafa haft samband við sölumann slíkra efna, og sagðist ákærði Ágúst Guðmundsson hafa síðan fengið afhent 160 gr af efni þessu, en kaupverð hefði verið miðað við það, að hvert gramm kostaði 12.5 hollensk gyllini. Ákærði Ágúst sagði ofangreindan Hollending hafa vegið efni og prófað þau efnafræðilega og talið þetta góða vöru.

Ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson sagðist síðan hafa komið hingað til lands hinn 7. okt. 1976 og haft meðferðis ofangreind efni í jakkavasa. Kvaðst ákærði Ágúst hafa reynt árangurslaust að ná í Eggert Bjarna Arnórsson símleiðis, en síðar frétt, að sími í húsi við Njálsgötu, þar sem ofangreindur Eggert dvaldi, hefði verið lokaður. Ákærði Ágúst kvaðst hins vegar ekki hafa árátt að fara að Njálsgötu og leita Eggert þennan uppi.

Þá skýrði ákærði Ágúst enn fremur, að fljótlega eftir komu hingað til lands, hefði hann kynnst Axel Einarssyni, en þeir hefðu stundað sambærileg störf í „popphljómlistariðnaði“. En vegna þessara starfa sinna í hljómlistariðnaði sagðist ákærði ekki hafa ráðgert að staldra við hér á landi nema fáa daga og því örvæntað um afdrif efna. Kvaðst ákærði Ágúst því hafa trúað ofangreindum Axel Einarssyni fyrir þeim, og sagði ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson, að Axel Einarsson hefði tekið að sér sölu efna gegn 20% hagnaðarhlutar. Ákærði Ágúst kvað Axel þennan hafa afhent mörgum aðiljum efni þetta, en greiðslur hefðu verið dræmar og nánast eingöngu frá aðilja að nafni Helgi Aðalsteinsson, sem hefði greitt 430 eða 450 \$ fyrir 10 gr.

Nokkru eftir þetta kvaðst ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson hafa hitt margræddan Eggert Bjarna Arnórsson, og sagðist ákærði Ágúst þá einungis hafa haft í sínum fórum 70 gr af áður nefndum 160 gr, sem hann hefði afhent Eggert þessum. Hin 90 gr kvað ákærði Ágúst Axel Einarsson hafa selt að mestu leyti, en litlar greiðslur fengið. Þó muni 12—15 gr sennilega hafa farið til einkanota ákærða Ágústs, framangreinds Axels og kunningjahóps. Ákærði bætti því einnig við síðar í þessu réttarhaldi, að hann hefði látið Lárus Grímsson fá 40 gr af efni þessu,

en treglega hefði gengið að fá greiðslur. Þó hefði Axel Einarsson fengið greitt hjá Lárusi þessum einhverja fjárhæð, en einnig hefði Lárus skilað aftur 15 gr.

Ákærði Ágúst kvað ofangreindan Eggert Bjarna Arnórsson hafa krafist meira efnismagns og peninga í sinn hlut og Björgólfs. Sagði ákærði Ágúst þá ofangreindan Axel Einarsson hafa tekið að safna efnum frá ýmsum aðiljum, er ekki hefðu greitt eða tekið að sér dreifingu efna, og þannig náð 20—25 gr. Kvað ákærði Ágúst það hafa verið ljóst, að hagnaður mundi ekki verða sá, sem ráð hefði verið gert fyrir, vegna hinnar losaralegu dreifingar Axels Einarssonar. Þá sagði ákærði Ágúst, að óeining hefði verið um fjármuna- og efnisskiptingu vegna misjafns eðlis hluttölu hvers og eins. Þannig hefðu hann og Axel Einarsson tekið áhættu varðandi innflutning og dreifingu. Björgólfur Stefánsson hefði beðið átekta, en Eggert Bjarni Arnórsson hefði gripið inn í sölu og fjármögnun.

Að sögn ákærða Ágústs hefði loks orðið að samkomulagi til að jafna nefndan ágreining, að hann héldi aðra ferð til Amsterdam til fíkniefnakaupa með allt tiltækt fé, en hagnaði yrði skipt í fjóra jafna hluta milli hans og þeirra Björgólfs Stefánssonar, Eggerts Bjarna Arnórssonar og Axels Einarssonar. Kvaðst ákærði Ágúst hafa haldið utan áleiðis til Amsterdam hinn 30. okt. 1976, en skömmu áður hefði Eggert Bjarni Arnórsson afhent sér 1.200 US\$. Ákærði Ágúst kvað Axel Einarsson hafa hins vegar gefið út ávísun fyrir flugfarmiða leiðina Keflavík — Luxemborg — London — Glasgow.

Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson viðurkenndi fyrir rétti hinn 2. desember 1976, að hann hefði í október þá um haustið tekið til að aðstoða Ágúst Guðmundsson við dreifingu amfetamínudrugs. Hefði Ágúst þessi tjáð honum, að hann hefði árangurslaust reynt að ná sambandi við einn eiganda framangreinds amfetamíns, Eggert Bjarna Arnórsson. Kvað ákærði Axel Einarsson efnið í heild hafa verið 150—160 gr og meðalsterkt að hans áliti. Sem viðmiðun kvað ákærði Axel, að tæpt 1 gr hefði vel nægt 2 mönnum í sólarhring. Ákærði Axel kvað þó á hinn bóginn hafa gengið mjög treglega að selja efni þrátt fyrir margar verðlækkanir, m. a. í 8.000 kr. hvert gr og síðar 7.000 kr.

Ákærði Axel Einarsson sagði Lárus Grímsson hafa umbeðinn af þeim Ágúst Guðmundssyni mótttekið í söluskyni 40, frekar en 30, gr af framangreindu efni. Hefði Lárus síðar afhent

ákærða Axel aftur um 25 gr, og sagðist ákærði Axel Einarsson hafa tekið af nokkur gr, í mesta lagi 3 gr, en skilað afgangi til áðurnefnds Eggerts Bjarna Arnórssonar. Axel Einarsson sagðist enn fremur hafa það frá Ágúst Guðmundssyni, að hann hefði afhent áðurnefndum Eggert 70—80 gr af ofangreindu efni.

Axel Einarsson, ákærði í máli þessu, sagðist hafa selt Helga Sveinbjörnssyni 10 gr af efni þessu um 20. okt. 1976 að Boga-hlíð 20 og hefði það átt að kosta 450 US\$, en smávegis hefði þó vantað upp á fjárhæð þá hjá áðurnefndum Helga, og kvaðst ákærði Axel hafa látið það gott heita. Þau 45—50 gr, er þá hefðu verið eftir, kvað ákærði Axel hafa gengið að miklu leyti til persónulegra nota þeirra Ágústs Guðmundssonar, en einnig hefðu ýmsir konungjar og vinir notið góðs af. Enn fremur sagði ákærði Axel, að hann hefði gefið mörgum hugsanlegum kaupendum sýnishorn af efni þessu.

Ákærði Axel Einarsson gat þess enn fremur, að ofangreindir dollarar frá Helga Sveinbjörnssyni hefðu gengið til Ágústs Guðmundssonar og frá honum til Eggerts Bjarna Arnórssonar. Einnig sagði ákærði Axel, að sennilega hefði um hendur hans frá Lárusi Grímssyni farið óviss fjárhæð og frá Ágúst Guðmundssyni enn til framangreinds Eggerts.

Ákærði Axel vildi undirstrika það, að dreifing og peningamál hefðu verið í ólestri og hann sjálfur hefði eingöngu tekið efni til eigin notkunar, en ótæpilega að vísu. Ákærði Axel gat þess og, að það hefði orðið að ráði, að Ágúst Guðmundsson færi aðra ferð til Amsterdam í því skyni að kaupa fíkniefni og hefði efni átt að skiptast í 4 jafna hluta milli þeirra Axels, Björgólfs, Eggerts og Ágústs.

Hinn 27. október var Helgi Aðalsteinsson, fæddur 23. mars 1954, handtekinn á Keflavíkurflugvelli með u. þ. b. 30 gr af meintu amfetamíndufti, og var Helgi þessi úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar mála. Í réttarhaldi hinn 9. nóv. 1976 viðurkenndi ofangreindur Helgi Aðalsteinsson að hafa í síðari hluta október s. á. fengið hjá Eggert Bjarna Arnórssyni, ákærða í máli þessu, 30 gr af amfetamíndufti til endurölu á Keflavíkurflugvelli gegn 60 US\$ skilaverði, en Helgi Aðalsteinsson kvaðst áður hafa verið búinn að láta Eggert Bjarna Arnórsson fá 300 US\$.

Lárus Halldór Grímsson, fæddur 13. desember 1954, viðurkenndi fyrir rétti hinn 1. apríl 1977 að hafa í október 1976 móttekið 40 gr af amfetamíndufti frá Ágúst Guðmundssyni. Kvaðst

framangreindur Lárus hafa notað sjálfur 10 gr, en skilað aftur 30 gr.

Agnar Agnarsson, fæddur 10. september 1951, bar hjá lögreglu hinn 18. nóvember 1976 að hafa fengið hjá ákærða Eggert Bjarna 5—10 gr af amfetamíni í 2—3 skipti.

Kristján Jón Jóhannsson, fæddur 2. desember 1956, hefur viðurkennt hjá lögreglu hinn 13. febrúar 1977 að hafa fengið 10 gr af amfetamíni hjá ákærða Eggert Bjarna á kr. 14.000 hvert gr.

6. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hélt enn áfram ofangreindri frásögn sinni fyrir rétti hinn 19. nóvember 1976. Sagði ákærði Eggert, að Ágúst Guðmundsson hefði haldið utan til Luxemborgar snemma í nóvember 1976, líklega þann 4. Hefði Ágúst þessi komið aftur tveim dögum síðar, og kvaðst ákærði Eggert hafa hitt framangreindan Ágúst að Bogahlíð 20, Reykjavík, og hefði Ágúst þá sagt, að hann hefði fengið 200 gr af amfetamíndufti fyrir það fé, sem hann hefði farið með utan og getur í kap. 5 á undan. Ákærði Eggert Bjarni sagði það hafa verið hugmynd Ágústs Guðmundssonar, að Eggert dreifði 50 gr og Axel Einarsson öðru eins. Kvaðst ákærði Eggert hafa aftekið slíkt, en heimtað 100 gr sem sameiginlegan hlut þeirra Björgólfs Stefánssonar og fengið þá afhent 100 gr af efni þessu.

Kvaðst ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafa mótttekið ofangreint efnismagn, eða 100 gr, hinn 8. nóvember 1976 og haldið með það að Gaukshólum 2 og falið það þar. Sama dag sagðist ákærði Eggert hafa frétt frá stúlku nokkurri, að lögreglan hefði verið að leita hans. Kvað ákærði Eggert, að Agnar Agnarsson hefði verið nærstaddur og hefði hann skýrt framangreindum Agnari frá tilvist efna, en jafnframt beðið Agnar þennan um aðstoð við að fela efni.

Ákærði Eggert kvað þá síðan hafa ekið með efnið upp með Elliðaám og þar á tilteknum stað við ána falið efni þessi, en ákærði Eggert B. Arnórsson hafði daginn áður, hinn 18. nóvember, vísað lögreglumönnum á stað þennan, og fundu lögreglumenn 8 umslög úr álpappír, og var hvert umslag talið innihalda 10 gr af amfetamíni, og 4 minni umslög, sem voru talin innihalda 5 gr hvert af sams konar dufti. Ofangreint efni, sem reyndist vega 109.4 gr, var sent Rannsóknastofu Háskóla Íslands, og staðfesti hún, að um amfetamín væri að ræða.

Eggert B. Arnórsson, ákærði í máli þessu, kvaðst enn fremur hafa heimilað framangreindum Agnari Agnarssyni að fjarlægja efni og ráðstafa þannig, að unnt yrði að greiða Björgólfi Stefáns-

syni, ef sá krefðist síns hluta, þó aldrei meir en kr. 500.000, en ákærði Eggert kvaðst, er hér hafði verið komið sögu, hafa reiknað með að verða hnepptur í gæsluvarðhald.

Ákærði Ágúst Guðmundsson kvaðst fyrir rétti 22. nóvember 1976 í síðari ferð sinni til Amsterdam um mánaðamót október/nóvember 1976 hafa haldið til sama kunningja og áður er lýst í kap. 5 hér að framan. Þarna í Amsterdam kvaðst ákærði Ágúst hafa keypt sama efni og fyrr, svonefnt „bensedrine“, fyrir 1.000 US\$, en ákærði Ágúst sagði, að hvert gr af efninu hefði kostað 12.50 hollensk gyllini og hefði því hann fengið nákvæmlega 200 gr af efni þessu, en ákærði Ágúst kvaðst sem fyrr hafa fylgst með vigtun efnis og prófun.

Ákærði Ágúst Guðmundsson kvaðst síðan hafa haldið heim á leið til Íslands flugleiðis og komið hingað til lands hinn 5. nóvember og haft ofangreind efni í innri brjóstvasa á jakka. Eftir heimkomu sagðist ákærði Ágúst hafa vegið efni í smærri skammta, nánar 5—10 gr, og pakkað þeim inn í álpappír.

Að ráðum Axels Einarssonar kvaðst ákærði Ágúst Guðmundsson hafa beðið í 2—3 daga, þar eð Axel þessi hefði talið sig sjá fíkniefnalögreglu gefa Eggert Arnórssyni gætur. Ákærði Ágúst sagði ofangreindan Eggert hafa hins vegar komið til fundar við sig og hefði þá orðið að samkomulagi, að hver hluthafi tæki sín 50 gr og Eggert Arnórsson hlut Björgólfs Stefánssonar.

Ákærði Ágúst Guðmundsson gerði síðan eftirfarandi grein fyrir þeim efnunum, sem eftir voru:

- 1) Um 10 gr hefðu farið til persónulegra nota þeirra Axels Einarssonar.
- 2) Helgi Sveinbjörnsson hefði keypt 10 gr og greitt með kr. 100.000 ávísun. Ágúst Guðmundsson sagði Helga þennan hafa mælst til að fá ávísun þessa innleysta með greiðslu í reiðufé í staðinn og hefði hann því látið framangreindan Axel fá ávísun þessa, en Axel hefði aftur látið Helga Sveinbjörnsson fá ofangreinda ávísun, en að sögn Axels hefði hann ekki fengið greiðslu.
- 3) Axel Einarsson hefði haldið til fundar við væntanlegan kaupanda með 10 gr, en sá hefði ekki mætt á umsömdum tíma og hefði framangreindur Axel Einarsson falið efni þetta hjá kunningja sínum.
- 4) Þá hefði aðili, sem var ákærða Ágúst Guðlaugi ókunnugur, keypt af Axel Einarssyni 10 gr og greitt fyrir með kr. 100.000 ávísun.

5) Enn fremur sagðist ákærði Ágúst Guðmundsson vita með nokkurri vissu, að síðastnefndi aðili hefði einnig áður keypt önnur 10 gr.

6) Sjá kap. 7 hér á eftir.

Ákærði Axel Einarsson hefur staðfest fyrir rétti hinn 2. desember 1976, að ofangreindur Ágúst Guðlaugur Guðmundsson hafi komið hingað til lands í nóvember 1976 og með 200 gr af amfetamínufti, þó veikara efni en getur í kap. 5 hér að framan. Hafi efninu verið skipt þannig, að 100 gr komu í hlut Björgólfs Stefánssonar og Eggerts Arnórssonar, en sá síðarnefndi hafi tekið við þeim hluta. Þau 100 gr, sem þá hefðu verið eftir, sagði ákærði Axel Einarsson, að hefðu verið sameign hans og Ágúst Guðmundssonar.

Af ofangreindum 100 gr, sem voru í eigu Axels Einarssonar og Ágúst Guðmundssonar, kvaðst ákærði Axel hafa ráðstafað 30 gr með eftirfarandi hætti:

- 1) Ásgeir Heiðar Ásgeirsson hafi fengið 20 gr og staðgreitt kr. 60.000, en skuldaði enn kr. 40.000.
- 2) Helgi Sveinbjörnsson hefði keypt 10 gr og greitt með kr. 100.000 ávísun, sem reynst hefði innstæðulaus.

Ákærði Axel Einarsson kvað þá Ágúst Guðmundsson ásamt nokkrum kunningjum hafa neytt ríkulega af efni þessu, en ákærði Axel kvaðst hafa farið til Bandaríkjanna hinn 20. nóvember 1976. Við heimkomu kvaðst ákærði Axel Einarsson hafa frétt, að um 50 gr af efni þessu hefðu fallið í hendur lögreglu (sjá kap. 7 hér á eftir).

Helgi Sveinbjörnsson, fæddur 29. desember 1947, viðurkenndi fyrir rétti hinn 8. desember 1976 að hafa keypt af Axel Einarssyni 25—30 gr af amfetamínufti þá um haustið. Framangreindur Helgi kvað það hafa verið rætt, að hann fengi efni á hagstæðara verði, greiddi hann í dollurum. Helgi Sveinbjörnsson sagðist hins vegar ekki muna, hve mikið hann greiddi efni með dollurum. Enn fremur sagði Helgi þessi, að hann hefði tvívegis við kaup á 10 gr af efni þessu sett 100.000 kr. ávísun sem tryggingu, en Helgi þessi kvaðst fullviss að hafa greitt andvirði annarrar ávísunar, en sennilega skulda andvirði hinnar ávísunar.

Ásgeir Heiðar Ásgeirsson, fæddur 20. nóvember 1951, bar fyrir rétti hinn 24. október 1977, að hann hefði tvívegis á tímabilinu okt/nóv 1976 keypt amfetamínuft, 10 gr í hvort skipti, af ákærða Axel Einarssyni.

7. Í réttarhaldi 22. nóvember gerði ákærði Ágúst Guðlaug-

ur Guðmundsson grein fyrir því amfetamíndufti, er í hlut hans og Axels Einarssonar kom st. 100 gr og getur hér í kap. 5 að framan.

Ákærði Ágúst sagði enn fremur, að laugardaginn 20. nóvember 1976, hefði hann fengið skilaboð um stefnumót á matstað við Skólavörðuholt. Þar sagðist ákærði Ágúst Guðlaugur hafa hitt Björgólf Stefánsson og Eggert Bjarna Arnórsson ásamt ungri stúlku. Hefðu ofangreindir piltar sagt, að þeir hefðu þegar ját- að brot sín og gæti hann því reiknað með handtöku. Kvað ákærði Ágúst þá Eggert og Björgólf hafa farið fram á eitthvað á þá leið, að hann vísaði þeim á aðilja, sem geymdi þann hluta efna, er hann ætti. Sagðist ákærði Ágúst hafa orðið mjög hverft við (sic), en þó mælt sér mót við framangreinda Eggert og Björgólf við Hafnarbío skömmu fyrir kl. 2300 þennan sama dag. Þar kvaðst ákærði Ágúst Guðlaugur hafa síðan afhent Björgólfi Stefáns- syni síðustu 50 gr úr sameign hans og Axels Einarssonar.

Gat ákærði Ágúst þess jafnframt, að hann hefði gert þetta, án þess að hann ætlaðist til endurgjalds og öðrum þræði því til áréttingar, að hann og Axel Einarsson vildu vera lausir mála, en einnig vegna þess, hve skuldugir framangreindir Eggert Arnórsson og Björgólfur Stefánsson kvaðust vera.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, sem var laus úr gæsluvarð- haldi hinn 19. nóvember 1976, mætti til yfirheyrslu hjá lög- reglu hinn 22. nóvember 1976 vegna þessa máls, og sama dag var gerð húsleit heima hjá Eggert þessum, og lagði lögregla hald á 48.8 gr af meintu amfetamíndufti í álpappír og 300 US\$. Efni þetta var sent Rannsóknastofu Háskólans, og staðfesti hún, að um amfetamín væri að ræða. Hinn 26. nóvember 1976 kom síðan ákærði Eggert Bjarni fyrir dóm. Þar skýrði ákærði Eggert Arnórsson svo frá, að skömmu eftir hann hefði verið laus úr gæsluvarðhaldi, hefði hann ásamt Björgólfi Stefánsyni og unn- ustu sinni hitt Ágúst Guðlaug Guðmundsson, og sagðist ákærði Eggert hafa falast eftir peningum hjá framangreindum Ágúst til að greiða skuldir, sem ákærði Eggert kvaðst hafa stofnað til vegna áðurlýstra sameiginlegra fíkniefnakaupa hans og Ágústs, Björgólfs og Axels Einarssonar.

Ákærði Eggert Bjarni kvað framangreindan Ágúst Guðmunds- son hafa sagt þeim, að hann hefði ekki undir höndum fé, en í stað þess hefði Ágúst þessi afhent þeim Björgólfi 50 gr af amfetamíndufti til söludreifingar. Af því andvirði óskiptu kvað ákærði Ágúst ætlunina hafa verið að greiða allar áðurnefndar

skuldir, húsnæðisskuldir Björgólfs Stefánssonar o. fl., en ofangreindur Ágúst hefði átt að fá afgang söluandvirðis, sem hefði verið áætlað kr. 500.000.

Ákærði Eggert kvað í framhaldi af þessu lauslega hafa verið samið um, að þeir Björgólfur Stefánsson seldu fyrir Ágúst Guðmundsson efni síðar meir gegn þóknun.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson kvað þá Björgólf Stefánsson ekki hafa með eigin vigtun gengið úr skugga um þyngd efna þessara, en þeir hefðu haft orð Ágústs Guðmundssonar um, að efni vægu án umbúða 50 gr. Ákærði Eggert kvað Björgólf Stefánsson hafa næsta dag fengið af efni þessu 1 gr. Sama dag kvað ákærði Eggert Bjarni Theodór Guðjón Jónsson hafa fengið áætluð 5 gr af efni þessu og greitt fyrir það 300 US\$. Afgang ofangreindra efna og skv. framansögðu 44 gr kvað ákærði Eggert lögreglu hafa lagt hald á.

Í réttarhaldi 26. nóvember 1976 skýrði ákærði Björgólfur Stefánsson frá því, að laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 hefði hann mótttekið frá Ágúst Guðmundssyni 50 gr af amfetamíndufti, sem ákærði Björgólfur kvaðst hafa talið hlut Ágústs þessa af áðurgreindum 200 gr og getur um í kap. 6 hér á undan. Kvað ákærði Björgólfur þá Eggert Arnórsson hafa ráðgert og með samþykki framangreinds Ágústs Guðmundssonar að selja efni þessi til að geta losnað úr persónulegum skuldum, flestum tengdum fyrri fíkniefnaflutningum. Þá sagði ákærði Björgólfur orðrétt: „Afgang söluandvirðis teldist nefndur Ágúst eiga og átti að verja enn til fíkniefnakaupa. Þeir mætti (þ. e. a. s. Björgólfur) og Eggert „á siðferðislegum grundvelli“ og vegna skakkafalla með sína efnishluta, enn átt að ganga í þriðjungs hlutafélag um þau efni“.

Af ofangreindum 50 gr kvaðst ákærði Björgólfur Stefánsson hafa ráðstafað 1 gr, nánar til Arnar Ingólfssonar.

Theodór Guðjón Jónsson, fæddur 22. október 1953, hefur viðurkennt fyrir dómi hinn 18. desember 1976 að hafa í nóvember 1976 keypt 5 gr af amfetamíni af Eggert Bjarna Arnórssyni.

3. Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson viðurkendi fyrir lögreglu hinn 2. september 1977, að hann hefði í apríl 1977 keypt í Danmörku 15 gr af hassi og flutt hingað til lands, en hann hefði á þessum tíma verið skipverji á m/s Helgafelli. Kvað ákærði Eggert Bjarni m/s Helgafell hafa haft viðkomu á Akureyri á leið skipsins til Reykjavíkur. Ákærði sagðist hafa til öryggis sent framangreint hass í bögglaþósti til Reykjavíkur vegna toll-

skoðunar þar. Kvaðst ákærði hafa hringt í Alfreð Hilmarsson og beðið hann að taka á móti þakka þessum og koma heim til ákærða.

Ákærði Eggert Bjarni kvað framangreindan Alfreð hafa verið búinn að taka upp þakka þennan og ráðstafað a. m. k. helming efnis, en ekkert hugsað um að skila honum á heimili ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar. Ákærði Eggert sagði Alfreð þennan hafa verið mjög ruglaðan um þetta leyti og svo hefði farið, að ákærði Eggert kvaðst hafa reykt afgang efnis ásamt Alfreð Hilmarssyni og sjálfsagt einhverjum fleirum.

Ákærði Eggert Bjarni hefur staðfest ofangreindan framburð fyrir dómi hinn 13. desember 1977.

Alfreð Hilmarsson, fæddur 27. apríl 1955, skýrði frá því við lögregluyfirheyrslu hinn 6. maí 1977, að kunningi sinn, ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, hefði hringt í sig frá Akureyri þá stuttu áður. Hefði ákærði Eggert Bjarni sagst vera með þakka, sem hann þyrfti að senda til Reykjavíkur, en vissi ekki, á hvern hann ætti að stíla þakkann. Framangreindur Alfreð Hilmarsson kvaðst hafa sagt ákærða Eggert Bjarna, að hann mætti stíla þakkann til sín, sem ákærði Eggert hefði og gert. Alfreð þessi sagði, að í ofangreindu símtali hefði ekkert verið um fíkniefni rætt. Alfreð Hilmarsson kvaðst þó hafa grunað (sic), að eitthvað slíkt væri í umræddum þakka.

Framangreindur Alfreð Hilmarsson kvaðst því hafa opnað þakkann, en ekkert fundið í fyrstu nema óhreint föt o. fl. En við frekari leit kvaðst Alfreð þessi hafa fundið hassefni í peysu, samanbrotinni. Kvaðst framangreindur Alfreð ekki hafa vigtað efni þetta, en Alfreð kvað ákærða Eggert hafa sagt, er hann hefði farið með helming efnis heim til ákærða Eggerts, það vera 20 gr. Alfreð Hilmarsson kvað hann ásamt ákærða Eggert og sambýliskonu Eggerts hafa síðan neytt þessa umrædda helmings efnis á heimili ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar.

NIÐURSTÖÐUR.

I. Þáttur ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar.

1) Með hliðsjón af eigin játningu ákærða, sem studd er framburðum Björgólfs Stefánssonar og Agnars Agnarssonar og er í samræmi við gögn málsins, verður að telja sannað, að ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í I, 1. ákærulið, nánar um mánaðamót ágúst/september

1976 keypt a. m. k. 148 gr af hassi í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni á 10 kr. danskar hvert gramm og ásamt nefndum Björgólfi komið efninu, sem þeir áttu að jöfnu, fyrir í tveimur leðurbeltum, sem þeir höfðu látið útbúa til flutnings á fíkniefnum. Hinn 3. september s. á. flutt efnid þannig falið til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi verulegan hluta efnisins ótilgreindum aðiljum með aðstoð Agnars Agnarssonar og við brottför sína af landinu 4. september skilið um 40 gr af efninu eftir í vörslum nefnds Agnars.

2) Þá verður einnig talið sannað með hliðsjón af viðurkenningu ákærða, sem studd er framburði Björgólfs Stefánssonar og er í samræmi við gögn máls þessa, að ákærði Eggert Bjarni hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið I, 2, að hafa hinn 6. september 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt 220—240 gr af hassi, sem þeir áttu að jöfnu, á 10 kr. danskar hvert gramm, aðstoðað nefndan Björgólf við undirbúning á flutningi efnisins, sem Björgólfur flutti síðan hingað til lands 7. september og seldi hérlendis.

3) Sannað þykir með játningu ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar, að ákærði Eggert Bjarni hafi gerst sekur um þá háttsemi, er greinir í ákærulið I, 3, nánar að hafa um miðjan september í Kaupmannahöfn í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson falast eftir kaupum á ótilgreindu magni af amfetamíndufti hjá ætluðum fíkniefnasala og í því sambandi afhent honum 400 gyllini, en kaup þessi tókust ekki vegna vanefnda þessa ætlaða sölumanns. Amfetamínefnið hugðust ákærði og nefndur Björgólfur flytja hingað til lands og selja síðan hérlendis í ágóðaskyni.

4) Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson hefur viðurkennt þá háttsemi, er um getur í ákærulið 4, og er sú játning studd efnislega framburðum þeirra Björgólfs Stefánssonar og Ágúst Guðlaugs Guðmundssonar. Með hliðsjón af framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem um getur í ákærulið I, 4, nánar að hafa skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Björgólfi Stefánssyni keypt um 30 gr af hassi fyrir um 600 kr. danskar og 20 LSD töflur á 20 kr. danskar hverja töflu og daginn eftir þetta keypt 97 LSD töflur á 15 kr. danskar hverja töflu, en efnid töldust ákærði og nefndur Björgólfur eiga að jöfnu. Meginhluta þessara efna afhentu ákærði og nefndur Björgólfur meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni,

sem gegn því að teljast eiga efnin að 1/3 hluta flutti 25. september 1976 um 25 gr af hassefnum og 97 LSD töflur til Reykjavíkur, þar sem ákærði tók við efnunum í veitingahúsinu Brauðbæ við Óðinstorg. Ákærði seldi síðan meginhluta efnanna mörgum mönnum í Reykjavík, oftast að Njálsgötu 48, hvert gramm af hassinu og hverja LSD töflu á kr. 2.000, en nokkurs hluta þessara efna neytti ákærði sjálfur ásamt nokkrum kunningjum sínum. Skömmu eftir móttöku efnanna afhenti ákærði nefndum Ágúst Guðlaugi söluandvirði þeirra, allt að kr. 260.000, að Þórsstötu 5 í Reykjavík, og hélt Ágúst Guðlaugur utan með féð 30. sept. 1976 til frekari fíkniefnakaupa.

5) Ákærði Eggert hefur viðurkennt þá háttsemi, sem um getur í ákærulið 5, en ekki liggur fyrir í máli þessu framburður Hinriks Jóns Þórissonar. Með hliðsjón af skýlausri játningu um þetta atriði, sem óhætt þykir að leggja hér til grundvallar, verður talið sannað, að ákærði Eggert B. Arnórsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem um getur í ákærulið I, 5, nánar um mánaðamót september/október 1976 selt ýmsum ótilgreindum mönnum í Reykjavík samtals um 2 gr af amfetamíndufti (speed) fyrir Hinrik Jón Þórisson fyrir samtals um kr. 40.000 og þar af skilað honum um kr. 25.000, en haldið afganginum sjálfur.

6) Með hliðsjón af eigin játningu ákærða Eggerts, sem studd er framburðum Ágúst Guðlaugs Guðmundssonar, Axels Péturs Juel Einarssonar og Helga Aðalsteinssonar og eru í samræmi við gögn máls þessa, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið I, 6, nánar að hafa um miðjan október 1976 mótttekið samtals um 70 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð 20 í Reykjavík og nokkru eftir þetta mótttekið 15—22 gr af efninu af meðákærða Axel Pétri Juel Einarssyni. Hinn 24. október afhent Helga Aðalsteinssyni 30 gr af efninu að Njálsgötu 48 í Reykjavík, og greiddi nefndur Helgi 300 bandaríkjadali fyrir móttöku efnisins, sem hann hugðist selja fyrir ákærrða á Keflavíkurflugvelli og greiða ákærða síðan 60 dali fyrir hvert gramm. Meginhluta þess, sem þá var eftir, seldi ákærði sjálfur eða með aðstoð annarra nokkrum mönnum í Reykjavík, oftast á um kr. 15.000 eða 60 dali hvert gramm, og hafði ákærði þannig verulegan hagnað af dreifingu efnisins, en hiuta þess fjár, um 1.250 dali, afhenti ákærði meðákærða Ágúst Guðlaugi, sem hélt utan 30. október til enn frekari fíkniefnakaupa.

7) A. Þá þykir sannað með játningu ákærða Eggerts, sem studd er framburðum Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar og Agnars Agnarssonar, að framangreindur Eggert Bjarni, ákærði í máli þessu, hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið I, 7 A, nánar að hafa hinn 8. nóvember 1976 mótttekið rúm 100 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni að Bogahlíð 20 í Reykjavík, en efnismagn þetta taldist ákærði eiga að jöfnu með meðákærða Björgólfi Stefánssyni, og falið efnið með aðstoð Agnars Agnarssonar utan Vatnsveituvegar í námunda við Elliðaár í Reykjavík, þar sem lögreglan lagði síðan hald á það 18. nóvember.

B. Enn fremur þykir talið sannað með viðurkenningu ákærða Eggerts Bjarna, sem studd er framburðum Björgólfs Stefánssonar, Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar og Theodórs Jónssonar, að ákærði Eggert hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákærulið I, 7 B, að hafa laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 í félagi við meðákærða Björgólf Stefánsson tekið við rúmum 50 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni við Hafnarbíó í Reykjavík og flutt efnið að heimili sínu, þar sem ákærði sunnudaginn 21. nóvember afhenti nefndum Björgólfi 1 gr af efninu og seldi Theodór Guðjóni Jónssyni 5 gr fyrir 3.000 bandaríkjadali, en lögreglan lagði hald á eftirstöðvar efnisins 22. nóvember.

8) Ákærði Eggert hefur viðurkennt háttsemi þá, er honum er gefin að sök í ákærulið 8, er sú játning studd framburði Alfreðs Hilmarssonar. Með vísan til ofangreinds þykir sannað, að ákærði Eggert hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem getur um í 8. lið ákæru, nánar í apríl 1977 keypt 15 gr af hassi í Danmörku, flutt efnið til Akureyrar með m/s Helgafelli og síðan póstsent það til Alfreðs Hilmarssonar í Reykjavík, þar sem ákærði svo stuttu síðar neytti um helmings efnisins ásamt nefndum Alfreð og fleirum.

Framangreind brot ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar þykja varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. auglýsingu nr. 230/1976 að því er varðar ákærulið I, 3, sbr. og 2. tl. 1. mgr. og 5. gr. og 20. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þáttur ákærða Björgólfs Stefánssonar.

1) Með hliðsjón af eigin játningu ákærða Björgólfs Stefáns-sonar, sem studd er framburði Eggerts Bjarna Arnórssonar og er í samræmi við gögn málsins, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið II, 1, nánar um mánaðamót ágúst/sept 1976 í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt a. m. k. 148 gr af hassi í Kaupmannahöfn og síðan aðstoðað nefndan Eggert Bjarna við að undirbúa flutning efnisins hingað til lands, sbr. I, 1 hér að framan.

2) Þá þykir sannað með játningu ákærða Björgólfs, sem studd er framburðum þeirra Eggerts B. Arnórssonar og Agnars Agnarssonar, að ákærði Björgólfur Stefánsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, er um getur í ákærulið II, 2, nánar að hafa hinn 6. sept. 1976 í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt um 220—240 gr af hassi, sbr. I, 2 hér að framan, og 7. sept. flutt efnið með sér í seðlaveski nefnds Eggerts Bjarna til Reykjavíkur, þar sem ákærði seldi efnið að Njálsgötu 48 ýmsum ungmennum, sem um þessar mundir lögðu leið sína þangað, m. a. Agnari Agnarssyni, en fyrir efnið fékk ákærði samtals kr. 125.000 og 500 bandaríkjadali, sem hann stuttu seinna hafði með sér utan til frekari fíkniefnakaupa.

3) Ekki liggur fyrir framburður ákærða Björgólfs Stefáns-sonar varðandi háttsemi, er um getur í lið II, 3 ákæru og studd er framburði Eggerts Bjarna Arnórssonar. Ákærði Björgólfur gerði hins vegar ekki athugasemd við þennan ákærulið við birtingu ákæru fyrir dómi.

Með vísan til ofanritaðs þykir mega telja sannað, að ákærði Björgólfur Stefánsson hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ofangreindum ákærulið, nánar að hafa um miðjan september 1976 í félagi við meðákærða Eggert Bjarna Arnórsson reynt að fá keypt amfetamínduft í Kaupmannahöfn af manni, sem þeir töldu vera fíkniefnasala, og í þessu sambandi afhent honum 400 gyllini, sbr. I, 3 hér að framan.

4) Sannað þykir með játningu ákærða Björgólfs, sem studd er framburðum þeirra Eggerts B. Arnórssonar og Ágústs Guðlaugs Guðmundssonar, að ákærði Björgólfur hafi gerst sekur um þá háttsemi, er honum er gefin að sök í ákærulið II, 4, nánar að hafa skömmu síðar í Kaupmannahöfn í félagi með meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni keypt 25 gr af hassi og samtals 117 LSD töflur. Fengið meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson til að flytja efnin til Íslands og síðan um mánaðamót

september/október 1976 aðstoðað nefndan Ágúst Guðlaug við að skipta íslenskum peningum í erlendan gjaldeyri í nokkrum bönkum í Kaupmannahöfn, en nefndur Ágúst Guðlaugur var þá á leið til Amsterdam til að kaupa amfetamínefni fyrir söluandvirði ofangreindra fíkniefna, sbr. I, 4 hér að framan.

5) Með hliðsjón af játningu ákærða Björgólfs Stefánssonar, sem studd er framburðum Eggerts B. Arnórssonar og Ágúst Guðlaugs Guðmundssonar, þykir talið sannað, að ákærði Björgólfur hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í lið II, 5 ákæru, nánar laugardagskvöldið 20. nóvember 1976 ásamt meðákærða Eggert Bjarna Arnórssyni tekið við rúmum 50 gr af amfetamíndufti af meðákærða Ágúst Guðlaugi Guðmundssyni í Reykjavík og daginn eftir gefið kunningja sínum 1 gr af efninu, en efni þetta var hluti þeirra 200 gr, sem nefndur Ágúst Guðlaugur flutti hingað til lands 5. nóvember og ákærði átti að 1/4 hluta, sbr. I, 7 hér að framan. Með ofangreindu þykir ákærði Björgólfur hafa brotið gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga 65/1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar 390/1974 og 2. og 20. gr. alm. hegningarlaga að því er varðar lið II, 3.

III. Þáttur ákærða Axels Péturs

Juel Einarssonar.

1) Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson hefur játað þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákærulið IV og studd er framburðum Ágúst Guðlaugs Guðmundssonar, Eggerts B. Arnórssonar, Lárusar Halldórs Grímssonar og Helga Sveinbjörnssonar. Þykir því sannað, að ákærði Axel hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í lið IV, 1 ákæruskjali, nánar að hafa í október 1976 í Reykjavík séð um dreifingu á verulegum hluta þeirra 160 gr af amfetamíni, sem Ágúst Guðlaugur Guðmundsson flutti hingað til lands 7. október 1976, og í samvinnu við nefndan Ágúst Guðlaug Guðmundsson m. a. selt Helga Sveinbjörnssyni 10 gr af efninu um 20. október að Bogahlíð 20 fyrir um 450 bandaríkjadali og afhent Lárusi Halldóri Grímssyni 40 gr. Skömmu síðar tekið við rúmum 20 gr af efninu til baka frá nefndum Lárusi Halldóri og afhent meðákærða Eggert Bjanna Arnórssyni þann efnisskammt að mestu leyti og jafnframt um þessar mundir margsinnis neytt af efninu ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi og fleiri mönnum.

2) Þá þykir sannað með játningu ákærða Axels, sem studd er framburði Ágúst Guðlaugs Guðmundssonar, Ásgeirs Heiðars.

Ásgeirssonar og Helga Sveinbjörnssonar, að ákærði Axel hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem framangreindum Axel er gefin að sök í lið IV, 2 ákæru, nánar í nóvember 1976 í Reykjavík í samvinnu við meðákærða Ágúst Guðlaug Guðmundsson selt m. a. Ásgeiri Heiðari Ásgeirssyni og Helga Sveinbjörnssyni samtals um 30 gr af því amfetamíni, sem Ágúst Guðlaugur Guðmundsson flutti hingað til lands hinn 5. nóv. 1976, á kr. 10.000 hvert gramm og um þetta leyti neytt sjálfur um 10—20 gr af efni þessu ásamt nefndum Ágúst Guðlaugi o. fl.

Með framangreindri háttsemi þykir ákærði Axel Pétur Juel Einarsson hafa brotið gegn 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

REFSING.

Með háttsemi þeirri, er um getur hér að framan, þykja ákærðu Eggert Bjarni Arnórsson, Björgólfur Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson hafa unnið til refsingar. Háttsemi ákærða þykir þess eðlis, að meta verður brot ákærðu sem eina brotaheild, bæði hvað refsingu snertir og fyrningu. Refsingu ákærðu ber að til-taka með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson er sakhæfur. Hann hefur ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé, en hann hefur á hinn bóginn viðurkennt hér fyrir dómi fyrr á þessu ári verulegt fíkniefna-misferli, sem enn er til rannsóknar, og nú alveg nýverið hefur hann verið borinn sökum um fíkniefnamisferli, og er það mál nú í rannsókn.

Refsing ákærða Eggerts Bjarna Arnórssonar þykir með hlið-sjón af öllum málavöxtum hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Ekki þykja efni til að skilorðsbinda refsingu. Til frádráttar ofangreindri refsingu komi þó sá tími, er ákærði sat í gæslu-varðhaldi, alls 9 dagar.

Þá þykir rétt skv. 49. gr. alm. hegningarlaga að dæma ákærða til að greiða fésekt til ríkissjóðs, kr. 1.000.000, og komi 80 dagar í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Björgólfur Stefánsson hefur ekki sætt kærnum né refs-ingum, svo kunnugt sé. Refsing ákærða Björgólfs Stefánssonar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. En þar sem 4 ár eru liðin, síðan brot áttu sér stað, og Björgólfur hefur ekki síðan gerst sekur um brot á fíkniefnalögum, svo kunnugt sé, þykir

rrétt að fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði Björgólfur Stefánsson almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt ofansögðu og með hliðsjón af 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 þykir og rétt, að ákærði Björgólfur greiði fésekt til ríkissjóðs, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 600.000, og komi 40 daga fangelsi í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Axel P. J. Einarsson hefur ekki sætt kærnum né refsingum, svo kunnugt sé.

Refsing ákærða Axels Péturs Juel Einarssonar verður ákveðin varðhald í 4 mánuði. Þar sem 4 ár eru liðin, síðan ofangreind brot áttu sér stað, þykir rétt að fresta fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 3 ár frá birtingu dóms, ef ákærði Axel heldur almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá þykir rétt, að ákærði Axel greiði kr. 500.000 sekt til ríkissjóðs með vísan til 49. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, þar telja verður, að ákærði Axel hafi haft hagnað af háttsemi sinni. Verði ofangreind sekt ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms, komi 40 daga fangelsi í sektar stað.

Ákærðu Eggert Bjarni Arnórsson, Björgólfur Stefánsson og Axel Pétur Juel Einarsson höfðu sama verjanda, Örn Clausen hæstaréttarlögmann, og verða þeir dæmdir in solidum til greiðslu málsvarnarlauna til hans, er ákveðin verða kr. 200.000. Enn fremur ber ákærða Eggert Bjarna Arnórssyni að greiða réttargæsluþóknun til Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 38.000, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi. Annan sakarkostnað verða ákærðu allir dæmdir til að greiða in solidum.

Þá ber, eins og krafist er í ákæru, að dæma ákærða Eggert Bjarna Arnórsson að sæta upptöku skv. 5. gr. laga nr. 65/1974 á um 155 gr af amfetamíndufti og 2 bréfavogum, sem lögregla lagði hald á hinn 8. nóvember 1976 og munu hafa verið notaðar til að vega fíkniefni.

Í ákæruskjali er enn fremur krafist, að ákærði Ágúst Guðlaugur Guðmundsson sæti upptöku á rúmum 6 gr af amfetamíndufti, sem lögregla lagði hald á 23. nóvember 1976. Eins og fram hefur komið, hefur þáttur ákærða Ágúst Guðlaugs Guðmundssonar verið tekinn út úr máli þessu, og verður honum því ekki sérstaklega gert að sæta upptöku skv. dómi þessum. Á hinn bóginn verður að telja sannað, m. a. með framburði Ágúst þessa, að ofangreind 6 gr af amfetamíndufti séu hluti þess amfetamíns,

sem hefur verið fjallað um hér að framan. Samkvæmt því þyk-
ir rétt með vísan til 5. gr. laga nr. 65/1974, að þau rúm 6 gr,
sem Ágúst Guðlaugur afhenti lögreglu hinn 23. nóvember 1976
og lögregla lagði hald á, verði gerð upptæk.

Karl F. Jóhannsson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefna-
málum, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði Eggert Bjarni Arnórsson, fæddur 13. september
1954, sæti fangelsi í 8 mánuði. Til frádráttar ofangreindri
refsingu komi sá tími, er ákærði Eggert sat í gæsluvarð-
haldi, alls 9 dagar.

Þá skal ákærði Eggert Bjarni Arnórsson greiða fésekt til
ríkissjóðs, kr. 1.000.000, og komi 80 daga fangelsi í hennar
stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms-
þessa.

Ákærði Björgólfur Stefánsson sæti fangelsi í 4 mánuði.
Fresta ber þó fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dóms,
haldi ákærði Björgólfur almennt skilorð 57. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Björgólfur Stefánsson skal enn fremur greiða
fésekt til ríkissjóðs, kr. 600.000, og komi 40 daga fangelsi
í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá bir-
tingu dóms þessa.

Ákærði Axel Pétur Juel Einarsson sæti varðhaldi í 4 mán-
uði. Fullnustu refsingar skal þó frestað í 3 ár frá birtingu
dóms, haldi ákærði Axel almennt skilorð 57. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Axel greiði enn fremur kr. 500.000 fésekt til
ríkissjóðs, og komi 40 daga fangelsi í hennar stað, verði
hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ákærðu Eggert Bjarni Arnórsson, Björgólfur Stefánsson
og Axel Pétur Juel Einarsson greiði allan sakarkostnað in
solidum, þ. á m. laun skipaðs verjanda þeirra, Arnar Clau-
sen hæstaréttarlögmans, kr. 200.000, nema ákærða Eggert
ber að greiða réttargæsluþóknun til Arnar Clausen hæsta-
réttarlögmans, kr. 38.000, meðan ákærði Eggert sætti gæslu-
varðhaldi.

Þá skal ákærði Eggert Bjarni Arnórsson sæta upptöku
á um 155 gr af amfetamíndufti og 2 bréfavogum. Enn frem-
ur skal gert upptækt til eyðingar 6 gr af amfetamíndufti.